

Ertu ekki að grínast?

Notaðu grín og spé til að safna fé!

Já, gott fólk. Nú þarf enga ofurkrafta til að vera hetja. Þú getur hjálpað bágstöddum börnum á svo miklu einfaldari hátt. Hér finnur þú nokkrar afbragðssniðugar aðferðir til að safna pening í þágu barna um allan heim. Leggðu lóð þín á vogarskálarnar, settu upp rautt nef og safnaðu áheitum til hjálpar börnum.

Í vikunni fyrir dag rauða nefsins mun Bylgjan svo hvetja vinnustaði til að hafa samband og segja frá góðum árangri eða segja góðan brandara.


Söfnunarreikningur UNICEF er 515-26-102020 (kt. 481203-2950).

Aðferð nr. 1. Áheitasöfnun

Innleiddu litbrigðasinfóníu regnbogans í grámugglegan hversdaginn. Settu upp nefið og gerðu eitthvað fyndið, gerðu eitthvað stórfenglegt ... eða bara eitthvað leiðinlegt. Skiptir ekki máli. Láttu vinnufélagana heita á þig himinháum upphæðum fyrir óvenjulega hegðun í heilan dag.

Hvað sem þér flýgur í hug þegar þú setur upp nefið kemur til greina, til dæmis:

- ✓ Gangið um í vinnunni í heilan dag í hetju-klæðnaði
- ✓ Vertu með rautt nef í heila viku
- ✓ Gangið um vinnustaðinn í heilan dag í dragi
- ✓ Gangið um vinnustaðinn í heilan dag með eitthvað í eftirdragi
- ✓ Talið eingöngu dönsku í heilan dag
- ✓ Talið eingöngu bull í heilan dag
- ✓ Syngið allt sem þið segið
- ✓ Syngið á dönsku allt sem þið segið (MJÖG sterkt!)
- ✓ Segið alls ekki neitt
- ✓ Dansið í stað þess að ganga
- ✓ Dansið alls ekki neitt
- ✓ Sippið í stað þess að ganga
- ✓ Gangið afturábak allt sem þið farið
- ✓ Hafið slökkt á gamsanum í heilan dag
- ✓ Mætið í vinnuna í fötunum öfugum
- ✓ Mætið í vinnuna í nærbuxunum utanyfir buxurnar
- ✓ Klippið lubbann, rakið skeggið
- ✓ Látið vaxa á ykkur bringuna að viðstöddum áhorfendum (ef hún er loðin)
- ✓ Haldið veglega tónleika með skagfirskum sönglögum
- ✓ Málið lógó vinnustaðarins á ennið og fáið yfirstjórnina til að heita MILLJÓNUM fyrir að ganga um með það í þrjá heila daga!



Aðferð nr. 2. „Funfair“ á la USA

Breytið vinnustaðnum í bandaríska sveitalubba-hátíð. Þjóðið uppá andlitsmálningu, kökukast, töskukast, boltakast, kossabás, krókóðílahlaup, tertuátskeppni, grill – og látið borga fyrir allt saman.

Aðferð nr. 3. Þrælauppboð

Ertu orðinn þreyttur á vini þínum eða vinnufélaga? Nú seld'ann! Haldið uppboð á rauðnefjuðum vinnufélögum ykkar og seljið þá í hálfisdags- til dagsvinnu til annarra vinnufélaga fyrir góðan monning. Eigandinn má nýta þrælinn innan siðsamlegra og löglegra marka; láta hann bera töskur, ljósrita, glósa, veita fótanudd, handsnyrtingu, vera með rautt nef o.s.frv.

Aðferð nr. 4. Basar

Matreiddu það sem þú gerir best, hvort sem það eru snúðar, svið, eða egg og beikon. Settu upp matarbás og leyfðu öðrum að njóta með þér (gegn vægu gjaldi auðvitað).

Aðferð nr. 5. Bílaþvottur

Settu upp skyndi-bílaþvottastöð á góðum stað, t.d. á bílastæðinu fyrir utan vinnuna þína.

Aðferð nr. 6. Götuleikhús

Eruð þið með leiklistarbakteríu? Setjið upp metnaðarfulla sýningu: Eftirhermur, uppistand, leikrit, söngleik, brúðuleikhús o.þ.h. Sýnið vinnufélagunum og rukkið (mikið).

Aðferð nr. 7. Fjáröflunarbíó


Takið DVD-tækið og sjónvarpið með í vinnuna. Stillið græjunum upp á góðum stað, kveikið á og rukkið fyrir bíóið. Þið getið líka selt popp og kók, nef, eða bara flögur og vatn. Þið getið líka komið með Playstation-tölvuna og sjónvarp og skellt upp spilasal.


Aðferð nr. 8. Götumálari

Dröslíð málaraþræjunum, litum og trönnum með ykkur í vinnuna og bjóðist til að teikna/mála andlitsmyndir af vinnufélagunum eða teikna/mála á andlitin á fólki svo passi við nefið fyrir fúlgur fjár! Fúlgur!!!

Aðferð nr. 9. Tískusýning

Ef einhverjir eru upprennandi fatahönnuðir geta þeir skipulagt „haute couture“-tískusýningu. Svo væri hægt að selja fötin eftir á til styrktar UNICEF (ef þau eru flott...eða passa).





Aðferð nr. 10. Flóamarkaður

Safnið saman öllum ykkar ónotuðu fötum, nefjum, gömlum plötum, gömlum draumum og Nokia 5210 sínum og haldið **riSA** flóamarkað!!!

Aðferð nr. 11. Spilakvöld

Haldið spilamót með þátttökugjaldi. Allt frá bingo til „dreka og dýflissna“ er leyfilegt.

Aðferð nr. 12. „Pub-quiz“

Haldið pöbba-spurningakeppni með ykkar nefi. Verðlaunaféð rennur til UNICEF, einhver eldklár njörður fær langan og tilkomumikinn titil – allir vinna!

Aðferð nr. 13. Hversu margar baunir?

Fylltu ílát af einhverju spennandi eins og baunum og láttu fólk borga fyrir að giska á hversu margar baunir eru í ílátinu.

Aðferð nr. 14. Spákona/-maður

Kanntu að lesa úr Tarot-spilum? Ertu flinkur bollalesari? Kanntu á spákúlu? Ef svo er þá er þetta tækifærið. Mættu í vinnuna/skólann, skelltu spákúlunni á borðið og upplýstu okkur hin dauðlegu um þau grimmu örlög sem bíða handan við hornið. Þú þarft að rukka.

Aðferð nr. 15. Leiðsögn

Veistu allt um Tjörnina? Hefurðu labbað Esjuna upp og niður 100 sinnum? Þekkirðu hvern krók og kima á Hlemmi? Vertu þá túrgæd. Þjóðið öllum sem ykkur dettur í hug (og jafnvel fleirum) að greiða fyrir leiðsögn um það svæði sem þið haldið mest upp á.

Aðferð nr. 16. Snyrtistofa

Ertu fær að farða, greiða hár, þússa neglur, nudda eða eitthvað svipað? Hristið snyrtistofu fram úr skálminni og dekrið við aðra á hetjulegan máta.

Aðferð nr. 17. Stefnumótaþjónusta

Hefur þú viðurnefnið „Love-doctor“? Þá skaltu lækna ástsýki allra vinnufélaga þinna. Töfralausnin er „stefnumótaþjónusta“! Taktu við skráningargjaldi, leiddu fólk saman á blind stefnumót, allir með rauðu nefin að sjálfsögðu.

Aðferð nr. 18. Skópússun

Þússaðu skó samstarfsaðila þinna fyrir óvægið verð.